

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2018/1807**frá 14. nóvember 2018****um ramma um frjálst flæði ópersónulegra upplýsinga í Evrópusambandinu**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Stafvæðing hagkerfisins eykst hröðum skrefum. Upplýsinga- og fjarskiptatækni er ekki lengur sérstakur geiri, heldur er hún grundvöllur allra nútímalegra, nýskapandi hagkerfa og samfélaga. Rafræn gögn eru miðdepillinn í þessum kerfum og geta skapað mikil verðmæti ef þau eru greind eða sameinuð við þjónustu og vörur. Hröð þróun gagnahagkerfisins og nýtilkomin tækni á borð við gervigreind, vörur og þjónustu í tengslum við Net hlutanna, sjálfstýrð kerfi og 5G vekja á sama tíma upp ný lagaleg álitæfni sem snúast um aðgang að gögnum og endurnotkun gagna, bótaábyrgð, siðareglur og samstöðu. Íhuga ætti að hefja vinnu varðandi málefni sem snúa að bótaábyrgð, einkum með því að koma til framkvæmda reglum um sjálfseftirlit og öðrum bestu starfsvenjum, þar sem tekið er tillit til tilmæla, ákvarðana og aðgerða án mannglegra afskipta í allri virðiskeðju gagnavinnslunnar. Slík vinna gæti einnig tekið til viðeigandi fyrirkomulags við að ákvarða bótaábyrgð, við yfirfærslu ábyrgðar milli þjónustuaðila sem vinna saman, við tryggingar og við endurskoðun.
- 2) Virðiskeðjur gagna eru byggðar á mismunandi gagnaáðgerðum: sköpun og öflun gagna; samsöfnun og skipulagningu gagna; gagnavinnslu; greiningu, markaðssetningu og dreifingu gagna; notkun og endurnotkun gagna. Árangursrik og skilvirk gagnavinnsla er grundvallaratriði í sérhverri gagnavirðiskeðju. Þó standa einkum tvenns konar hindranir fyrir hreyfanleika gagna og innri markaðinn í vegi fyrir árangursríkri og skilvirkri gagnavinnslu og þróun gagnahagkerfisins í Sambandinu: kröfur sem aðildarríkin hafa sett um staðbindingu gagna og starfsvenjur sem fela í sér bindingu við seljanda (e. vendor lock-in) í einkageiranum.
- 3) Staðfesturéttur og frelsi til að veita þjónustu samkvæmt sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins gilda um gagnavinnsluþjónustu. Tilteknar lands-, svæðis- eða staðbundnar kröfur um að gögn séu staðsett á tilteknu yfirráðasvæði hamlu þó veitingu þessarar þjónustu eða koma stundum í veg fyrir hana.
- 4) Slíkar hindranir í vegi frjálstrar miðlunar gagnavinnsluþjónustu og staðfesturéttar þjónustuveitenda má rekja til krafna í lögum aðildarríkja um að gögn séu staðsett á tilteknu landsvæði eða yfirráðasvæði vegna gagnavinnslu. Aðrar reglur eða stjórnsýsluvenjur hafa samsvarandi áhrif með því að kveða á um sértækar kröfur sem torvela mjög gagnavinnslu utan tiltekins landsvæðis eða yfirráðasvæðis innan Sambandsins, s.s. kröfur um að notuð séu tæknileg úrræði sem eru vottuð eða samþykkt í tilteknu aðildarríki. Réttaróvissa að því er varðar umfang lögmætra og ólögmætra krafna um staðbindingu gagna takmarkar enn frekar þá valkosti sem markaðsaðilum og hinu opinbera standa til boða um það hvar gagnavinnsla fari fram. Reglugerð þessi takmarkar ekki á nokkurn hátt frelsi fyrirtækja til að gera samninga þar sem tilgreint er hvar gögn skuli vera staðsett. Henni er einungis ætlað að standa vörð um þetta frelsi með því að tryggja að samþykkt staðsetning geti verið hvar sem er innan Sambandsins.

(1) Stjtið. ESB C 227, 28.6.2018, bls. 78.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 4. október 2018 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 6. nóvember 2018.

- 5) Á sama tíma aftra takmarkanir í einkageiranum einnig hreyfanleika gagna í Sambandinu: lagaleg, samningstengd og tæknileg atriði sem tefja eða hindra notendur gagnavinnsluþjónustu í að flytja eigin gögn frá einum þjónustuveitanda til annars eða aftur til sinna eigin upplýsingatæknikerfa, ekki síst við uppsögn samnings þeirra við þjónustuveitanda.
- 6) Samspil þessara hindrana hefur leitt til skorts á samkeppni milli veitenda skýjaþjónustu í Sambandinu, til ýmiss konar vandamála tengdum bindingu við seljanda og til alvarlegs skorts á hreyfanleika gagna. Sömuleiðis hafa stefnur varðandi staðbindingu gagna grafið undan getu fyrirtækja á sviði rannsókna og þróunarstarfsemi til að greiða fyrir samstarfi milli fyrirtækja, háskóla og annarra rannsóknastofnana með það að markmiði að efla nýsköpun.
- 7) Með tilliti til réttarvissu og vegna þess að jöfn samkeppnisskilyrði eru nauðsynleg innan Sambandsins eru sameiginlegar reglur fyrir alla markaðsaðila lykiltríði í starfsemi innri markaðarins. Til að ryðja úr vegi viðskiptahindrunum og til að komast hjá samkeppniröskun, sem til er komin vegna mismunandi laga eftir löndum, og til að koma í veg fyrir nýjar hugsanlegar viðskiptahindranir og verulega samkeppniröskun, er nauðsynlegt að samþykkja samræmdar reglur sem gilda í öllum aðildarríkjum.
- 8) Reglugerð þessi hefur ekki áhrif á lagarammann um vernd einstaklinga með tilliti til vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs og vernd persónuupplýsinga í rafrænum fjarskiptum, einkum reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ⁽¹⁾ og tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/680 ⁽²⁾ og 2002/58/EB ⁽³⁾.
- 9) Hið sístækkandi Net hlutanna, gervigreind og vélrænt nám eru mikilvæg uppspretta ópersónulegra upplýsinga, t.d. vegna nýtingar þeirra í sjálfvirkum ferlum við iðnaðarframleiðslu. Dæmi um ópersónulegar upplýsingar eru m.a. samantekin gagnamengi sem gerð hafa verið nafnlaus og sem notuð eru við greiningu á stórgögnum, gögn um nákvæmnisrækt, sem geta nýst við vöktun og bestun á notkun varnarefna og vatns, eða gögn um viðhaldsþarfir iðnaðarvéla. Ef tækniþróun gerir kleift að breyta gögnum sem gerð hafa verið nafnlaus (e. anonymised data) í persónuupplýsingar ber að fara með slík gögn sem persónuupplýsingar og reglugerð (ESB) 2016/679 skal gilda í samræmi við það.
- 10) Samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679 mega aðildarríkin hvorki takmarka né banna frjálsa miðlun persónuupplýsinga innan Sambandsins af ástæðum er varða vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga. Í þessari reglugerð er sett fram sama meginregla um frjálsa miðlun ópersónulegra upplýsinga innan Sambandsins, nema þegar takmörkun eða bann er rökstutt með vísan til almannaöryggis. Reglugerð (ESB) 2016/679 og þessi reglugerð mynda samræmt regluverk sem stuðlar að frjálsri miðlun mismunandi tegunda upplýsinga. Enn fremur kveður reglugerð þessi ekki á um skyldu til að vista mismunandi tegundir upplýsinga sitt í hvoru lagi.
- 11) Til að skapa ramma um frjálst flæði ópersónulegra upplýsinga í Sambandinu og grundvöll fyrir þróun gagnahagkerfisins og auka samkeppnishæfni atvinnugreina í Sambandinu er nauðsynlegt að mæla fyrir um skýran, heildstæðan og fyrir-sjáanlegan lagaramma um vinnslu gagna annarra en persónuupplýsinga á innri markaðnum. Nálgun byggð á meginreglum þar sem gert er ráð fyrir samvinnu aðildarríkja, ásamt sjálfseftirliti, ætti að tryggja að ramminn sé nægilega sveigjanlegur til að taka mið af nýjum þörfum notenda, þjónustuveitanda og landsbundinna yfirvalda í Sambandinu. Til þess að forðast skörun við fyrirliggjandi kerfi og forðast þannig aukið álag, bæði fyrir aðildarríki og fyrirtæki, ætti ekki að setja ítarlegar tæknireglur.
- 12) Þessi reglugerð ætti ekki að hafa áhrif á gagnavinnslu að því marki sem hún er framkvæmd sem hluti af starfsemi sem fellur utan gildissviðs laga Sambandsins. Einkum ætti að hafa í huga að í samræmi við 4. gr. sáttmálans um Evrópu-sambandið er þjóðaröryggi alfarið á ábyrgð hvers aðildarríkis fyrir sig.

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/680 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu lögbærra yfirvalda á persónuupplýsingum í tengslum við að koma í veg fyrir, rannsaka, koma upp um eða saksækja fyrir refsiverð brot eða fullnægja refsivíður-lögum og frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu rammaákvörðunar ráðsins 2008/977/DIM (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 89).

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) (Stjtið. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37).

- 13) Frjálst flæði gagna innan Sambandsins mun gegna mikilvægu hlutverki í að skapa gagnadrifinn vöxt og nýsköpun. Á sama hátt og fyrirtæki og neytendur, njóta opinber yfirvöld aðildarríkjanna og aðilar sem heyra undir opinberan rétt góðs af auknu valfrelsi að því er varðar veitendur gagnadrifinnar þjónustu, af samkeppnishæfara verði og af skilvirkari þjónustu við borgarana. Í ljósi þess hve mikið magn gagna opinber yfirvöld og aðilar sem heyra undir opinberan rétt fara með er afar mikilvægt að þau gangi á undan með góðu fordæmi með því að innleiða gagnavinnsluþjónustu og forðist takmarkanir með staðbindingu gagna þegar þeir nýta sér gagnavinnsluþjónustu. Því ætti þessi reglugerð að ná yfir opinber yfirvöld og aðila sem heyra undir opinberan rétt. Að því er þetta varðar ætti meginreglan um frjálst flæði ópersónulegra upplýsinga sem kveðið er á um í þessari reglugerð einnig að gilda um almennar og samkvæmar stjórnsýsluvenjur og um aðrar kröfur um staðbindingu gagna á sviði opinberra innkaupa, án þess að hafa áhrif á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB ⁽¹⁾.
- 14) Líkt og tilskipun 2014/24/ESB hefur reglugerð þessi ekki áhrif á lög og stjórnsýslufyrirmæli sem varða innri málefni aðildarríkja og sem fela opinberum yfirvöldum og aðilum sem heyra undir opinberan rétt valdheimildir til og ábyrgð vegna vinnslu gagna án sammingsbundinnar greiðslu til einkaaðila, né heldur á lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkja sem kveða á um framkvæmd þessara valdheimilda og ábyrgða. Enda þótt opinber yfirvöld og aðilar sem heyra undir opinberan rétt séu hvött til að ihuga þann ávinning, jafnt efnahagslegan sem af öðrum toga, sem felst í útvistun til utanaðkomandi þjónustuaðila kunna þau að hafa réttmætar ástæður til að velja sjálfsþjónustu eða heimvistun. Því er ekkert í þessari reglugerð sem skyldar aðildarríki til að útvista eða finna þriðja aðila til að veita þjónustu sem þau vilja sjálf veita eða skipuleggja eftir öðrum leiðum en með opinberum samningum.
- 15) Reglugerð þessi ætti að gilda um einstaklinga eða lögaðila sem veita notendum, sem eru búsettir eða hafa staðfestu í Sambandinu, þjónustu á sviði gagnavinnslu, þ.m.t. þá sem veita gagnavinnsluþjónustu í Sambandinu en hafa ekki staðfestu þar. Af þeim sökum ætti þessi reglugerð ekki að gilda um gagnavinnsluþjónustu sem fer fram utan Sambandsins og um kröfur um staðbindingu gagna sem varða slík gögn.
- 16) Í reglugerð þessari er ekki mælt fyrir um reglur um ákvörðun gildandi laga á sviði viðskiptamála og hefur hún því ekki áhrif á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 593/2008 ⁽²⁾. Hafi lög sem gilda skulu um samning ekki verið valin í samræmi við þá reglugerð skulu lög þess lands þar sem þjónustuaðilinn hefur fasta búsetu að jafnaði gilda um samning um veitingu þjónustu.
- 17) Reglugerð þessi ætti að gilda um gagnavinnslu í víðasta skilningi og taka til notkunar allra gerða upplýsingatæknikerfa, hvort sem þau eru staðsett í húsnæði notanda eða er útvistað til þjónustuveitanda. Hún ætti að ná yfir gagnavinnslu á mismunandi skala, allt frá gagnageymslu (innviðaþjónustuveita (e. Infrastructure-as-a-Service (IaaS)) til vinnslu gagna í kerfisumhverfi (kerfisþjónustuveita (e. Platform-as-a-Service (PaaS)) eða í hugbúnaði (hugbúnaðarþjónustuveita (e. Software-as-a-Service (SaaS)).
- 18) Kröfur um staðbindingu gagna eru ótvíræð hindrun á frelsinu til að veita gagnavinnsluþjónustu í gervöllu Sambandinu og fyrir innri markaðinn. Þær ætti því að banna nema þær séu rökstuddar á grundvelli almannaöryggis eins og skilgreint er í lögum Sambandsins, einkum í skilningi 52. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, og samræmist meðalhöfsreglunni sem er að finna í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Til þess að koma í framkvæmd meginreglunni um frjálst flæði ópersónulegra upplýsinga yfir landamæri, tryggja að núverandi kröfur um staðbindingu gagna verði afnumdar með skjóttum hætti og gera, af rekstrarlegum ástæðum, gagnavinnslu á mismunandi stöðum í gervöllu Sambandinu mögulega, og þar eð þessi reglugerð kveður á um ráðstafanir til að tryggja að gögn séu tiltæk fyrir opinbert eftirlit, ættu aðildarríkin einungis að geta skírskotað til almannaöryggis sem rökstuðnings fyrir kröfum um staðbindingu gagna.
- 19) Hugtakið „almannaöryggi“, í skilningi 52. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og eins og Dómstóllinn túlkar það, nær yfir bæði innra og ytra öryggi aðildarríkis, sem og málefni sem varða velferð almennings, einkum til að auðveldara sé að rannsaka, koma upp um og saksækja fyrir refsiverð brot. Það gerir ráð fyrir að fyrir liggja raunveruleg og nægilega alvarleg ógn sem hefur áhrif á tiltekna grundvallarhagsmuni samfélagsins, s.s. ógnun við rekstur stofnana og nauðsynlega opinbera þjónustu og afkomu íbúanna, sem og hætta á alvarlegri röskun á erlendum tengslum eða friðsamlegri sambúð þjóða, eða áhætta gagnvart hernaðarlegum hagsmunum. Í samræmi við meðalhöfsregluna ættu kröfur um staðbindingu gagna, sem réttlætanager eru á grundvelli almannaöryggis, að vera til þess fallnar að markmiðið, sem stefnt er að, náist og ekki ganga lengra en nauðsynlegt er til að ná því markmiði.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB (Stjtið. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 65).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 593/2008 frá 17. júní 2008 um lög sem gilda um sammingsbundnar skyldur (Róm I) (Stjtið. ESB L 177, 4.7.2008, bls. 6).

- 20) Til að tryggja árangursríka beitingu meginreglunnar um frjálst flæði ópersónulegra upplýsinga yfir landamæri og til að koma í veg fyrir tilkomu nýrra hindrana á snurðulausri starfsemi innri markaðarins ættu aðildarríkin tafarlaust að koma á framfæri við framkvæmdastjórnina öllum drögum að löggjöf sem koma á nýrri kröfu um staðbindingu gagna eða breyta gildandi kröfu um staðbindingu gagna. Þessi drög að löggjöf ætti að leggja fram og meta í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2015/1535 ⁽¹⁾.
- 21) Til að ryðja úr vegi hugsanlegum fyrirliggjandi hindrunum ættu aðildarríkin enn fremur, á 24 mánaða umbreytingartímabili frá þeim degi þegar reglugerð þessi kemur til framkvæmda, að láta fara fram úttekt á gildandi almennum lögum og stjórnslufyrirmælum þar sem er mælt fyrir um kröfur um staðbindingu gagna og tilkynna framkvæmdastjórninni um hvers kyns kröfur um staðbindingu gagna sem þau telja að samrýmist þessari reglugerð, ásamt rökstuðningi fyrir því. Þetta ætti að gera framkvæmdastjórninni kleift að kanna réttmæti krafna um staðbindingu gagna sem eftir kunna að standa. Framkvæmdastjórnin ætti að geta komið athugasemdum á framfæri við hlutaðeigandi aðildarríki eftir því sem við á. Slíkar athugasemdir gætu falið í sér tilmæli um að breyta eða fella úr gildi viðkomandi kröfu um staðbindingu gagna.
- 22) Sú skylda, sem komið er á með þessari reglugerð, að tilkynna framkvæmdastjórninni um gildandi kröfur um staðbindingu gagna og drög að löggjöf ætti að eiga við um kröfur um staðbindingu gagna samkvæmt reglum og drög að löggjöf af almennum toga, en ekki um ákvarðanir sem beinast að tilteknum einstaklingi eða lögaðila.
- 23) Til þess að tryggja gagnsæi krafna um staðbindingu gagna í aðildarríkjunum sem mælt er fyrir um í almennum lögum eða stjórnslufyrirmælum og beinast að einstaklingum og lögaðilum, s.s. þjónustuveitendum og notendum gagnavinnsluþjónustu, ættu aðildarríkin að birta upplýsingar um slíkar kröfur hjá einni landsbundinni upplýsingamiðstöð á Netinu og uppfæra þær reglulega. Að öðrum kosti ættu aðildarríkin að láta miðlægri upplýsingamiðstöð sem komið er á fót samkvæmt annarri gerð Sambandsins í té uppfærðar upplýsingar um slíkar kröfur. Til að upplýsa einstaklinga og lögaðila með tilhlýðilegum hætti um kröfur um staðbindingu gagna í gervöllu Sambandinu ættu aðildarríkin að senda framkvæmdastjórninni vefböng þessara landsbundnu upplýsingamiðstöðva. Framkvæmdastjórnin ætti að birta þessar upplýsingar á vefsvæði sínu, ásamt reglulega uppfærðri, samsteyptri skrá yfir allar kröfur um staðbindingu gagna sem eru í gildi í aðildarríkjunum, ásamt samantekt upplýsinga um þessar kröfur.
- 24) Kröfur um staðbindingu gagna orsakast oft af skorti á trausti á gagnavinnslu yfir landamæri vegna þess að talið er að gögn séu ekki tiltæk lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum, t.d. til skoðunar og úttektar vegna opinbers eftirlits. Ekki er hægt að vinna bug á slíkum skorti á trausti eingöngu með því að ógilda samningsskilmála sem meina lögbærum stjórnvöldum lögmætan aðgang að gögnum við framkvæmd opinberra skyldustarfa sinna. Því ætti í þessari reglugerð að mæla með skýrum hætti fyrir um að hún hafi ekki áhrif á heimildir lögbærra yfirvalda til að óska eftir eða fá aðgang að gögnum í samræmi við lög Sambandsins eða landslög og að ekki megi neita lögbærum yfirvöldum um aðgang að gögnum á grundvelli þess að gögnin séu unnin í öðru aðildarríki. Lögbær yfirvöld gætu sett virknikröfur til að styðja aðgang að gögnum, s.s. krafist þess að kerfislýsingar skuli geymdar í hlutaðeigandi aðildarríki.
- 25) Einstaklingar eða lögaðilar, sem falla undir skyldur til að láta lögbærum yfirvöldum í té gögn, geta uppfyllt þær skyldur með því að veita og tryggja lögbærum yfirvöldum skilvirkan og tímanlegan rafrænan aðgang að gögnunum óháð því í hvaða aðildarríki gagnavinnslan fer fram. Hægt er að tryggja slíkan aðgang með skýrum skilmálum og skilyrðum í samningum milli einstaklingsins eða lögaðilans, sem fellur undir skylduna til að veita aðgang, og þjónustuveitandans.
- 26) Ef einstaklingi eða lögaðila er skylt að láta í té gögn og hann sinnir ekki þeirri skyldu ætti lögbært yfirvald að geta leitað aðstoðar lögbærra yfirvalda í öðrum aðildarríkjum. Í slíkum tilvikum ættu lögbær yfirvöld að nota sérstaka samstarfsgerninga í lögum Sambandsins eða samkvæmt alþjóðasamningum, allt eftir viðfangsefninu í viðkomandi tilviki, s.s., á sviði lögreglusamvinnu

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1535 frá 9. september 2015 um tilhögun miðlunar upplýsinga um tæknireglugerðir og reglur um þjónustu í upplýsingasamfélaginu (Stjtúð. ESB L 241, 17.9.2015, bls. 1).

, sakamála- eða einkamálaréttar eða stjórnáslu eftir því sem við á, rammaákvörðun ráðsins 2006/960/DIM ⁽¹⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/41/ESB ⁽²⁾, samning Evrópuráðsins um tölvubrot ⁽³⁾, reglugerð ráðsins (EB) nr. 1206/2001 ⁽⁴⁾, tilskipun ráðsins 2006/112/EB ⁽⁵⁾ og reglugerð ráðsins (ESB) nr. 904/2010 ⁽⁶⁾. Þegar slíkt samstarfsfyrirkomulag er ekki fyrir hendi ættu lögbær yfirvöld að vinna saman með það fyrir augum að veita aðgang að þeim gögnum sem óskað er gegnum tilnefnda sameiginlega tengiliði.

- 27) Ef beiðni um aðstoð hefur í för með sér að yfirvaldið, sem beiðni er beint til, þarf að fá aðgang að húsnæði einstaklings eða lögaðila, þ.m.t. hvers kyns búnaði og leiðum til gagnavinnslu, verður aðgangurinn að vera í samræmi við lög Sambandsins eða innlend réttarfarslög, þ.m.t. hvers konar kröfu um að afla fyrirframheimildar dómsmálafyrvalda.
- 28) Reglugerð þessi ætti ekki að gera notendum kleift að reyna að víkja sér undan beitingu landslaga. Hún ætti því að kveða á um að aðildarríkin leggi á viðurlög, sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif, gagnvart notendum sem hindra lögbær yfirvöld í að fá aðgang að gögnum þeirra sem eru nauðsynleg til þess að lögbæru yfirvöldin geti sinnt opinberum skyldum sínum samkvæmt lögum Sambandsins og landslögum. Í brýnum tilvikum þar sem notandi misnotar rétt sinn ættu aðildarríkin að geta beitt tímabundnum ráðstöfunum sem verða að vera við hæfi. Hvers kyns tímabundnar ráðstafanir sem krefjast endurstaðbindingar gagna (e. re-localisation) í lengri tíma en 180 daga frá endurstaðbindingu myndu víkja frá meginreglunni um fjálsa miðlun gagna í umtalsverðan tíma og því ætti að tilkynna þær framkvæmdastjórninni til rannsóknar á því hvort þær samrýmist lögum Sambandsins.
- 29) Getan til að flytja eigin gögn án hindrana er lyklatríði til að auðvelda notendum val og veita virka samkeppni á mörkuðum fyrir gagnavinnsluþjónustu. Raunverulegir eða meintir erfiðleikar við að flytja eigin gögn yfir landamæri grafa einnig undan tiltrú atvinnunotenda á tilboðum yfir landamæri og þar með tiltrú þeirra á innri markaðnum. Enda þótt einstakir neytendur njóti góðs af gildandi lögum Sambandsins er notendum í viðskiptum eða atvinnustarfsemi ekki auðveldað að skipta um þjónustuveitendur. Samræmdar tæknilegar kröfur í öllu Sambandinu, hvort heldur þær varða tæknilega samhæfingu, gagnkvæma viðurkenningu eða valfjálsa samhæfingu, stuðla einnig að því að þróa samkeppnishæfan innri markað fyrir gagnavinnsluþjónustu.
- 30) Til þess að nýta samkeppnisumhverfið til fulls ættu atvinnunotendur að geta tekið upplýstar ákvarðanir og auðveldlega borið saman einstaka þætti hinnar margvíslegu gagnavinnsluþjónustu sem er í boði á innri markaðnum, m.a. að því er varðar samningsskilmála og -skilyrði fyrir flutningi eigin gagna við uppsögn samnings. Til þess að halda í við nýsköpunarmöguleika markaðarins og taka tillit til reynslu og sérþekkingar þjónustuveitenda og atvinnunotenda gagnavinnsluþjónustu ættu ítarlegar upplýsingar og rekstrarlegar kröfur vegna flutnings eigin gagna að vera skilgreindar af markaðsaðilum með sjálfseftirliti, sem framkvæmdastjórnin ætti að hvetja til, auðvelda og hafa eftirlit með, í formi háttæmisreglna Sambandsins sem gætu falið í sér staðlaða samningsskilmála og -skilyrði.
- 31) Til þess að slíkar háttæmisreglur séu skilvirkar og geri skipti á þjónustuveitendum og flutning eigin gagna auðveldari ættu þær að vera ítarlegar og taka til a.m.k. mikilvægra lykilkáttanna ferlisins við flutning eigin gagna, s.s. aðferða við gerð öryggisafrita og staðsetningar þeirra, tiltækra gagnasniða og -miðla, nauðsynlegrar upplýsingatæknilegrar samskipanar og lágmarksbandbreiddar netsins, nauðsynlegs tíma áður en flutningsferlið hefst og tímalengdar sem gögnin verða tiltæk til flutnings, ásamt tryggingu fyrir aðgangi að gögnunum ef þjónustuaðilinn verður gjaldþrota. Í háttæmisreglunum ætti einnig að koma skýrt fram að binding við seljanda er ekki ásættanlegir viðskiptahættir, vera kveðið á um notkun traustaukandi tækni, og þær ætti að uppfæra reglulega til að halda í við tæknipróun. Framkvæmdastjórnin ætti að sjá til þess að samráð sé haft við alla viðeigandi hagsmunaaðila í öllu ferlinu, þ.m.t. samtök lítilla og meðalstórra fyrirtækja og sprotafyrirtækja, notendur og veitendur skýjaþjónustu. Framkvæmdastjórnin ætti að meta þróun og skilvirkni framkvæmdar slíkra háttæmisreglna.

(1) Rammaákvörðun ráðsins 2006/960/DIM frá 18. desember 2006 um að einfalda skipti á upplýsingum og trúnaðargögnum milli löggæslufyrivalda aðildarríkja Evrópusambandsins (Stjtið. ESB L 386, 29.12.2006, bls. 89).

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/41/ESB frá 3. apríl 2014 um evrópska rannsóknarúrskurðinn í sakamálum (Stjtið. ESB L 130, 1.5.2014, bls. 1).

(3) Samningur Evrópuráðsins um tölvubrot, CETS nr. 185.

(4) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1206/2001 frá 28. maí 2001 um samstarf milli dómstóla í aðildarríkjunum við öflun sönnunargagna í einkamálum og viðskiptamálum (Stjtið. EB L 174, 27.6.2001, bls. 1).

(5) Tilskipun ráðsins 2006/112/EB frá 28. nóvember 2006 um sameiginlega virðisaukaskattferð (Stjtið. ESB L 347, 11.12.2006, bls. 1).

(6) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 904/2010 frá 7. október 2010 um samvinnu á sviði stjórnsýslu og baráttu gegn svikum á sviði virðisaukaskatts (Stjtið. ESB L 268, 12.10.2010, bls. 1).

- 32) Ef lögbært yfirvald í einu aðildarríki óskar eftir aðstoð frá öðru aðildarríki til að fá aðgang að gögnum samkvæmt þessari reglugerð ætti það að leggja fram, í gegnum tilnefndan sameiginlegan tengilið, tilhlýðilega rökstudda beiðni til tilnefnds sameiginlegs tengiliðar síðarnefnda ríkisins, sem ætti að innihalda skriflega skýringu á ástæðum og lagagrunn fyrir því að óska eftir aðgangi að gögnunum. Sameiginlegi tengiliðurinn, sem er tilnefndur af aðildarríkinu sem beiðið er um aðstoð, ætti að greiða fyrir sendingu beiðninnar til viðkomandi lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu sem beiðninni er beint til. Til þess að tryggja skilvirka samvinnu ætti yfirvaldið, sem beiðni er send til, að veita þá aðstoð sem óskað er vegna tiltekinnar beiðni án ótilhlýðilegrar tafar eða veita upplýsingar um það hvaða erfiðleikar standi í vegi þess að verða við slíkri beiðni eða um ástæður sínar fyrir því að synja henni.
- 33) Aukið traust á öryggi gagnavinnslu yfir landamæri ætti að draga úr tilhneigingu markaðsaðila og hins opinbera til að nota staðbindingu gagna sem staðgengil fyrir gagnaöryggi. Það ætti einnig að auka réttarvissu fyrir fyrirtæki að því er varðar að farið sé að gildandi öryggiskröfum þegar þau útvista gagnavinnslu sinni til þjónustuveitenda, einnig þeirra sem eru í öðrum aðildarríkjum.
- 34) Allar öryggiskröfur í tengslum við gagnavinnslu, sem er beitt með rökstuddum og hóflegum hætti á grundvelli laga Sambandsins eða landslaga, sem eru í samræmi við lög Sambandsins, í aðildarríkinu þar sem einstaklingar eða lögaðilar sem gögnin varða eru búsettir eða hafa staðfestu, ættu að gilda áfram um vinnslu viðkomandi gagna í öðru aðildarríki. Umræddir einstaklingar eða lögaðilar ættu að geta uppfyllt slíkar kröfur, annaðhvort sjálfir eða með samningsákvæðum í samningum við þjónustuveitendur.
- 35) Öryggiskröfur sem gerðar eru á landsvísu ættu að vera nauðsynlegar og í réttu hlutfalli við þá áhættu sem steðjar að öryggi gagnavinnslu innan gildissviðs landslaganna þar sem þessar kröfur eru settar.
- 36) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1148 ⁽¹⁾ kveður á um lagalegar ráðstafanir til að bæta almennt netöryggi í Sambandinu. Gagnavinnsluþjónusta er á meðal þeirrar stafrænu þjónustu sem fellur undir þá tilskipun. Samkvæmt þeirri tilskipun eiga aðildarríki að tryggja að veitendur stafrænnar þjónustu greini og geri viðeigandi og hóflegar tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að stýra þeirri áhættu sem steðjar að öryggi þeirra net- og upplýsingakerfa sem þeir nota. Þessar ráðstafanir ættu að tryggja hæfilegt öryggisstig miðað við þá áhættu sem um er að ræða og ættu að taka tillit til öryggis kerfa og búnaðar, meðhöndlunar atvika, stjórnunar rekstrarsamfellu, eftirlits, endurskoðunar og prófana, ásamt fylgni við alþjóðlega staðla. Framkvæmdastjórnin ætti að tilgreina þessa þætti nánar í framkvæmdargerðum samkvæmt þeirri tilskipun.
- 37) Framkvæmdastjórnin ætti að leggja fram skýrslu um framkvæmd þessarar reglugerðar, einkum með það í huga að ákvarða þörf á breytingum í ljósi breytinga á tæknilegum eða markaðslegum skilyrðum. Í skýrslunni ætti einkum að vera mat á þessari reglugerð, sérstaklega beitingu hennar þegar um er að ræða gagnamengi sem innihalda bæði persónuupplýsingar og ópersónulegar upplýsingar, ásamt framkvæmd undantekningarinnar vegna almannaöryggis. Áður en reglugerð þessi kemur til framkvæmda ætti framkvæmdastjórnin einnig að birta leiðbeinandi upplýsingar um hvernig skuli fara með gagnamengi sem innihalda bæði persónuupplýsingar og ópersónulegar upplýsingar, svo að fyrirtæki, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki, fái betur skilið samskiði milli þessarar reglugerðar og reglugerðar (ESB) 2016/679 og til að tryggja að farið sé að báðum þessum reglugerðum.
- 38) Í þessari reglugerð eru þau grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd, einkum í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, og túlka ætti hana og beita henni í samræmi við þessi réttindi og meginreglur, þ.m.t. réttinn til verndar persónuupplýsingum, tjáningar- og upplýsingafrelsis og frelsis til atvinnurekstrar.
- 39) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að tryggja frjálst flæði gagna annarra en persónuupplýsinga í Sambandinu, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þess og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1148 frá 6. júlí 2016 varðandi ráðstafanir til að ná háu sameiginlegu öryggisstigi í net- og upplýsingakerfum í öllu Sambandinu (Stjtið. ESB L 194, 19.7.2016, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Markmið þessarar reglugerðar er að tryggja frjálst flæði gagna annarra en persónuupplýsinga innan Sambandsins með því að mæla fyrir um reglur sem varða kröfur um staðbindingu gagna, tiltækileika gagna fyrir lögbær stjórnvöld og flutning eigin gagna fyrir atvinnunotendur.

2. gr.

Gildissvið

1. Reglugerð þessi gildir um vinnslu rafrænna gagna annarra en persónuupplýsinga í Sambandinu, sem er:
 - a) veitt sem þjónusta við notendur, sem eru búsettir eða hafa staðfestu í Sambandinu, óháð því hvort þjónustuveitandinn hefur staðfestu í Sambandinu eða ekki eða
 - b) framkvæmd af einstaklingi eða lögaðila, sem er búsettur eða hefur staðfestu í Sambandinu, til eigin þarfa.
2. Þegar um er að ræða gagnamengi sem inniheldur bæði persónuupplýsingar og ópersónulegar upplýsingar gildir reglugerð þessi um þann hluta gagnamengisins sem inniheldur ópersónulegar upplýsingar. Ef persónuupplýsingar og ópersónulegar upplýsingar í gagnamengi eru tengdar með órjúfanlegum hætti skal þessi reglugerð ekki hafa áhrif á beitingu reglugerðar (ESB) 2016/679.
3. Reglugerð þessi gildir ekki um starfsemi sem fellur utan gildissviðs löggjafar Sambandsins.

Reglugerð þessi hefur ekki áhrif á lög og stjórnsýslufyrirmæli sem varða innri málefni aðildarríkja og sem fela opinberum yfirvöldum og aðilum sem heyra undir opinberan rétt, skv. skilgreiningu í 4. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/24/ESB, valdheimildir til og ábyrgð vegna vinnslu gagna án sammingsbundinnar greiðslu til einkaaðila, né heldur á lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkja sem kveða á um framkvæmd þessara valdheimilda og ábyrgða.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „gögn“: gögn önnur en persónuupplýsingar eins og þær eru skilgreindar í 1. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679,
- 2) „vinnsla“: aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með gögn eða gagnamengi á rafrænu formi, hvort sem vinnslan er sjálfvirk eða ekki, s.s. söfnun, skráning, flokkun, kerfisbinding, varðveisla, aðlögun eða breyting, heimt, skoðun, notkun, miðlun með framsendingu, dreifing eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækar, samtenging eða samkeyrsla, aðgangstakmörkun, eyðing eða eyðilegging,
- 3) „drög að löggjöf“: texti, saminn í þeim tilgangi að verða samþykktur sem almenn lög eða stjórnsýslufyrirmæli, sem er á undirbúningsstigi þar sem enn er hægt að gera efnislegar breytingar,
- 4) „þjónustuveitandi“: einstaklingur eða lögaðili sem veitir gagnavinnsluþjónustu,
- 5) „krafa um staðbindingu gagna“: hver sú skuldbinding, bann, skilyrði, takmörkun eða önnur krafa, sem kveðið er á um í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkis eða byggist á almennum og samkvæmum stjórnsýsluvenjum í aðildarríki og hjá aðilum sem heyra undir opinberan rétt, þ.m.t. á sviði opinberra innkaupa, án þess að það hafi áhrif á tilskipun 2014/24/ESB, sem áskilur að vinnsla gagna fari fram á yfirráðasvæði tiltekins aðildarríkis eða hindrar vinnslu gagna í einhverju öðru aðildarríki,
- 6) „lögbært yfirvald“: yfirvald aðildarríkis eða önnur stofnun með heimild samkvæmt landslögum til að inna af hendi opinbert starf eða að fara með opinbert vald, sem við framkvæmd opinberra skyldustarfa sinna, eins og kveðið er á um í lögum Sambandsins eða landslögum, hefur vald til að fá aðgang að gögnum sem unnin hafa verið af einstaklingi eða lögaðila,
- 7) „notandi“: einstaklingur eða lögaðili, einnig opinbert yfirvald eða aðili sem heyrir undir opinberan rétt, sem notar gagnavinnsluþjónustu eða óskar eftir henni,

- 8) „atvinnunotandi“: einstaklingur eða lögaðili, einnig opinbert yfirvald eða aðili sem heyrir undir opinberan rétt, sem notar eða óskar eftir gagnavinnsluþjónustu í tengslum við atvinnugrein sína, fyrirtæki, iðn, sérgrein eða verkefni.

4. gr.

Frjáls miðlun gagna í Sambandinu

1. Kröfur um staðbindingu gagna skulu bannaðar nema þær séu rökstuddar á grundvelli almannaöryggis í samræmi við meðal-hófsregluna.

Fyrsta undirgrein þessarar málsgreinar er með fyrirvara um 3. mgr. og um kröfur um staðbindingu gagna sem mælt er fyrir um á grundvelli gildandi laga Sambandsins.

2. Aðildarríkin skulu tafarlaust koma á framfæri við framkvæmdastjórnina öllum drögum að löggjöf sem koma á nýrri kröfu um staðbindingu gagna eða breyta gildandi kröfu um staðbindingu gagna í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem settar eru fram í 5., 6. og 7. gr. tilskipunar (ESB) 2015/1535.

3. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 30. maí 2021, sjá til þess að sérhver gildandi krafa um staðbindingu gagna, sem mælt er fyrir um í almennum lögum eða stjórnsýslufyrirmælum og sem ekki samræmist 1. mgr. þessarar greinar, sé felld úr gildi.

Telji aðildarríki að gildandi ráðstöfun sem felur í sér kröfu um staðbindingu gagna samrýmist 1. mgr. þessarar greinar og geti því gilt áfram skal það, eigi síðar en 30. maí 2021, koma þeirri ráðstöfun á framfæri við framkvæmdastjórnina ásamt rökstuðningi fyrir því að hún verði áfram í gildi. Með fyrirvara um 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal framkvæmdastjórnin, innan sex mánaða frá því að henni berst slík tilkynning, kanna hvort umrædd ráðstöfun samræmist 1. mgr. þessarar greinar og skal, eftir því sem við á, koma athugasemdum á framfæri við hlutaðeigandi aðildarríki, þ.m.t., ef nauðsyn krefur, með tilmælum um breytingu eða niðurfellingu ráðstöfunarinnar.

4. Aðildarríkin skulu gera ítarlegar upplýsingar um allar kröfur um staðbindingu gagna, sem mælt er fyrir um í almennum lögum eða stjórnsýslufyrirmælum og gilda á yfirráðasvæði þeirra, öllum aðgengilegar hjá einni landsbundinni upplýsingamiðstöð á Netinu og uppfæra þær reglulega eða veita miðlægri upplýsingamiðstöð, sem komið er á fót samkvæmt annarri gerð Sambandsins, uppfærðar, ítarlegar upplýsingar um allar slíkar kröfur um staðbindingu gagna.

5. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um veffang landsbundnu upplýsingamiðstöðvarinnar sem um getur í 4. mgr. Framkvæmdastjórnin skal birta tengil eða tengla á þessar upplýsingamiðstöðvar á vefsvæði sínu, ásamt reglulega uppfærðri, samsteyptri skrá yfir allar kröfur um staðbindingu gagna sem um getur í 4. mgr., ásamt samantekt upplýsinga um þessar kröfur.

5. gr.

Tiltækileiki gagna fyrir lögbær yfirvöld

1. Reglugerð þessi hefur ekki áhrif á heimildir lögbærra yfirvalda til að óska eftir eða fá aðgang að gögnum við framkvæmd opinberra skyldustarfa sinna í samræmi við lög Sambandsins eða landslög. Ekki má synja lögbærum yfirvöldum um aðgang að gögnum með vísan til þess að gögnin séu unnin í öðru aðildarríki.

2. Ef lögbært yfirvald fær ekki aðgang að gögnum notanda eftir að hafa óskað eftir því og ef sérstakt samstarfsfyrirkomulag er ekki fyrir hendi samkvæmt lögum Sambandsins eða alþjóðasamningum um skipti á gögnum milli lögbærra yfirvalda mismunandi aðildarríkja er því lögbæra yfirvaldi heimilt að óska eftir aðstoð lögbærs yfirvalds í öðru aðildarríki í samræmi við tilhögunina sem sett er fram í 7. gr.

3. Ef beiðni um aðstoð hefur í för með sér að yfirvaldið, sem beiðni er beint til, þarf að fá aðgang að húsnæði einstaklings eða lögaðila, þ.m.t. hvers kyns búnaði og leiðum til gagnavinnslu, verður aðgangurinn að vera í samræmi við lög Sambandsins eða innlend réttarfarslög.

4. Aðildarríkjum er heimilt að mæla fyrir um viðurlög, sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif, við því að sinna ekki skyldu til að láta í té gögn í samræmi við lög Sambandsins og landslög.

Ef notandi misnotar rétt sinn er aðildarríki heimilt, ef það er réttlætjanlegt vegna þess að brýnt sé að fá aðgang að gögnunum og með tilliti til hagsmuna hlutaðeigandi aðila, að beita tímabundnum ráðstöfunum, sem verða að vera við hæfi, gagnvart þeim notanda. Ef tímabundin ráðstöfun krefst endurstaðbindingar gagna í lengri tíma en 180 daga frá endurstaðbindingu skal tilkynna framkvæmdastjórninni um það innan þessa 180 daga tímabils. Framkvæmdastjórnin skal, eins fljótt og auðið er, kanna ráðstöfunina og hvort hún samræmist lögum Sambandsins og, eftir því sem við á, gera viðeigandi ráðstafanir. Framkvæmdastjórnin skal skiptast á upplýsingum við sameiginlega tengiliði aðildarríkjanna, sem um getur í 7. gr., um fengna reynslu hvað þetta varðar.

6. gr.

Flutningur eigin gagna

1. Framkvæmdastjórnin skal hvetja til og greiða fyrir þróun háttæknisreglna til sjálfseffirlits á vettvangi Sambandsins (hér á eftir nefndar „háttæknisreglur“) til þess að stuðla að samkeppnishæfu gagnahagkerfi, sem byggist á meginreglum um gagnsæi og samvirkni og með tilhlýðilegu tilliti til opinna staðla, sem ná m.a. yfir eftirfarandi þætti:

- a) bestu starfsvenjur til að auðvelda skipti á þjónustuveitendum og flutning eigin gagna á skipulegu, algengu, tölvulesanlegu sniði, þ.m.t. opnum stöðluðum sniðum, ef þjónustuveitandinn sem tekur á móti gögnunum krefst þess eða óskar eftir því,
- b) kröfur um lágmarksupplýsingar til að tryggja að atvinnunotendur fái, áður en gerður er samningur um gagnavinnslu, nægilega ítarlegar, skýrar og gagnsæjar upplýsingar um ferlin, tæknilegar kröfur, tímaramma og gjöld sem gilda ef atvinnunotandi vill skipta um þjónustuveitanda eða flytja eigin gögn til baka til upplýsingatæknikerfa sinna,
- c) aðferðir varðandi vottunarkerfi sem auðvelda það að bera saman gagnavinnsluvörur og -þjónustu fyrir atvinnunotendur, með hliðsjón af gildandi landsbundnum eða alþjóðlegum stöðlum, til að greiða fyrir samanburðarhæfi þessara vara og þjónustu. Slíkar aðferðir geta m.a. falið í sér gæðastjórnun, stjórnun upplýsingaöryggis, stjórnun rekstrarsamfellu og umhverfisstjórnun,
- d) samskiptavegvísar með þverfaglegri nálgun til að auka vitund um háttæknisreglurnar meðal viðeigandi hagsmunaaðila.

2. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að háttæknisreglurnar séu þróaðar í nánú samstarfi við alla viðeigandi hagsmunaaðila, þ. á m. samtök lítilla og meðalstórra fyrirtækja og sprotafyrirtækja, notendur og skýjaþjónustuveitendur.

3. Framkvæmdastjórnin skal hvetja þjónustuveitendur til að ljúka þróun háttæknisreglnanna eigi síðar en 29. nóvember 2019 og að koma þeim í framkvæmd með skilvirkum hætti eigi síðar en 29. maí 2020.

7. gr.

Tilhögun samstarfs milli yfirvalda

1. Sérhvert aðildarríki skal tilnefna sameiginlegan tengilið sem skal koma á sambandi við sameiginlega tengiliði annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórnina að því er varðar beitingu þessarar reglugerðar. Sérhvert aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um tilnefnda sameiginlega tengiliði og allar síðari breytingar á þeim.

2. Ef lögbært yfirvald í einu aðildarríki óskar eftir aðstoð frá öðru aðildarríki skv. 2. mgr. 5. gr. til að fá aðgang að gögnum skal það senda tilhlýðilega rökstudda beiðni til tilnefnds sameiginlegs tengiliðar síðarnefnda ríkisins. Beiðnin skal innihalda skriflega skýringu á ástæðum og lagagrunn fyrir því að óska eftir aðgangi að gögnunum.

3. Sameiginlegi tengiliðurinn skal finna út hvert viðeigandi lögbært yfirvald aðildarríkis síns er og framsenda því beiðnina sem barst skv. 2. mgr.

4. Viðeigandi lögbært yfirvald sem fær slíka beiðni skal, án ótilhlýðilegrar tafar og innan tímamarka sem eru í réttu hlutfalli við hversu brýn beiðnin er, svara og senda gögnin sem beiðið var um eða tilkynna lögbæra yfirvaldinu sem lagði fram beiðnina að það telji ekki að skilyrðunum fyrir því að biðja um aðstoð samkvæmt þessari reglugerð hafi verið fullnægt.

5. Allar upplýsingar sem skipst er á í tengslum við aðstoð sem óskað er eftir og veitt er skv. 2. mgr. 5. gr. skal aðeins nota í tengslum við málið sem lá til grundvallar beiðninni.

6. Sameiginlegu tengiliðirnir skulu veita notendum almennar upplýsingar um þessa reglugerð, þ. á m. um háttæknisreglurnar.

8. gr.

Mat og leiðbeiningar

1. Eigi síðar en 29. nóvember 2022 skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins skýrslu með mati á framkvæmd þessarar reglugerðar, einkum að því er varðar:

- a) beitingu þessarar reglugerðar, einkum þegar um er að ræða gagnamengi sem innihalda bæði persónuupplýsingar og ópersónulegar upplýsingar, í ljósi markaðs- og tæknipróunar sem gæti aukið möguleikana á að tengja gögn aftur við nafn (e. deanonymising data),

- b) framkvæmd aðildarríkjanna á 1. mgr. 4. gr. og einkum undantekningunni vegna almannaöryggis og
 - c) þróun og skilvirka framkvæmd háttænisreglnanna og skilvirka upplýsingagjöf þjónustuveitenda.
2. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að semja skýrsluna sem um getur í 1. mgr.
3. Framkvæmdastjórnin skal eigi síðar en 29. maí 2019 birta leiðbeinandi upplýsingar um samskiði milli þessarar reglugerðar og reglugerðar (ESB) 2016/679, einkum að því er varðar gagnamengi sem innihalda bæði persónuupplýsingar og ópersónulegar upplýsingar.

9. gr.

Lokaákvæði

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi kemur til framkvæmda sex mánuðum eftir birtingu hennar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 14. nóvember 2018.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. Tajani

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

K. EDTSTADLER

forseti.
